

Ed.

378. Lög

um breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seriur) banka-vaxtabrjefa.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl).

1. gr.

Heimilt skal, að 7. flokkur veðdeildarinnar nemi allt að 4 milj. króna.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis, allt að $4\frac{3}{4}$ milj. króna. Lánsfjenu má verja til þess að kaupa veðdeildarbrjef og jarðræktarbrjef, enda sje kaupverði og vöxtum brjefanna hagað svo, að rikissjóður verði skaðlaus af kaupunum, miðað við gengi íslenskrar krónu á lántökudegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.